

Nd.

503. Frumvarp

til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 1927 skal til ársloka 1934 innheimta með 100% álagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er borið fram til tekjuöflunar vegna væntanlegra kreppuráðstafana, og kemur ekki mjög hart við, þar sem hinn almenni skemmtanaskattur er nú 10% og hækkar því ekki meir en í 20%. Um það getur vart verið ágreiningur, að tekjuöflun af skemmtunum almennings kemur betur niður en álögur á nauðsynjar.